

Reykjavík, 3. júlí 2018

Áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki samkvæmt FATF

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á [yfirlýsingu Financial Action Task Force \(FATF\)](#) sem samþykkt var í kjölfar fundar hins alþjóðlega framkvæmdahóps hinn 29. júní sl.

Í nefndri yfirlýsingu kemur fram að ríki, sem eru aðilar að FATF, skuli grípa til sérstakra fyrirbyggjandi varúðarráðstafa gagnvart Norður-Kóreu, enda steðji viðvarandi ógn að hinum alþjóðlega fjármálamarkaði vegna aðgerðarleysis ríkisins gagnvart aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006 beinir Fjármálaeftirlitið tilmælum til tilkynningarskyldra aðila, sem falla undir a-e- og m-p-liði 1. mgr. 2. gr. laganna, að gæta sérstakrar varúðar í viðskiptum við aðila frá **Norður-Kóreu**, hvort heldur einstaklinga eða lögaðila, þar með talda aðila í fjármálaþjónustu. Þá eru tilkynningarskyldir aðilar hvattir til að beita aukinni áreiðanleikakönnun í samræmi við áhættu gagnvart einstaklingum og lögaðilum frá **Íran**.

Í kjölfar nefnds fundar FATF var einnig gefin út [skýrsla um úrbætur í málefnum tengdum aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðlegum vettvangi](#). Í skýrslunni er að finna lista yfir ríki sem nýverið hafa lýst yfir vilja til að framfylgja aðgerðaáætlun, sem unnin hefur verið í samstarfi við FATF, til að taka á þeim annmörkum sem eru til staðar á þessu sviði.

Þau ríki sem eru talin með alvarlega annmarka eru eftirfarandi:

- Eþíópía
- Jemen
- Pakistan
- Serbía
- Srí Lanka
- Sírland
- Trínidad og Tóbagó
- Túnis

Í samræmi við fyrrgreinda 2. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006, beinir Fjármálaeftirlitið tilmælum til tilkynningarskyldra aðila að gefa aðilum frá nefndum ríkjum sérstakan gaum, m.t.t. aukinnar hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.